



Málefni aldraðra

Samantekt vinnuhóps um stefnumótun í málefnum aldraðra í Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði

May 31, 2017



FÉLAGSPJÓNUSTA

SANDGERÐISBÆJAR, SV. GARÐS OG SV. VOGA

Efnisyfirlit

I.	Inngangur	3
	Skipan vinnuhóps um málefni eldri borgara	3
II.	Markmið vinnuhópsins	3
	Markmið vinnuhópsins var:	3
III.	Sambætting heilbrigðis- og félagsþjónustu	4
IV.	Íbúafjöldi í sveitarfélögunum	5
V.	Orðskýringar	7
VI.	Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999	8
VII.	Þjónustuhópur aldraðra	9
VIII.	Markmið með öldrunarþjónustu sveitarfélaga	9
IX.	Stofnanir aldraðra	10
X.	Heilsugæsla og heimahjúkrun	10
XI.	Færni- og heilsumat	11
XII.	Félagsstarf í Sandgerði og Garði	12
XIII.	Heimaþjónusta í Sandgerði og Garði	13
XIV.	Íbúðir fyrir 60 ára og eldri í Sandgerði og Garði	14
XV.	Akstursþjónusta	15
XVI.	Sjálfboðaliðastörf	15
XVII.	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991	15
XVIII.	Mat á stuðningsþörfum	16
XIX.	Rafræn skráning í heimaþjónustu	17
XX.	Öryggiskallkerfi	18
XXI.	Afsláttur af fasteignagjöldum	19

Inngangur

Skipan vinnuhóps um málefni eldri borgara

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum árið 2015 voru málefni eldri borgara helsta umræðuefni fundarins. Fengnir voru sérfræðingar til að fjalla um málið og unnið var í hópum um áherslur í málaflokknum. Fulltrúar eldri borgara tóku virkan þátt í fundinum. Sömuleiðis var lagt til að skipaður yrði vinnuhópur sem falið yrði að fara yfir fyrirbyggjandi gögn, afla frekari upplýsinga og móta stefnu til lengri tíma í málaflokknum.

Á fundi bæjarráðs í Sandgerði þann 12. apríl 2016 var samþykkt að skipa vinnuhóp um málefni eldri borgara. Stefna í málefnum eldri borgara hefur verið til umræðu um all nokkurn tíma í bæjarráði og bæjarstjórn sem og á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Í framhaldi var leitað til Garðs og Voga eftir samstarfi þar sem sveitarfélögin þrjú reka saman félagsþjónustu. Á fundi bæjarráðs í Sandgerði þann 10. janúar 2017 og á fundi bæjarráðs Garðs þann 19. janúar 2017 voru samþykktar samhljóða tillögur um sameiginlega vinnu Sveitarfélaganna þriggja við stefnumótun í málefnum eldri borgara. Á fundi bæjarráðs Voga þann 11. janúar var sama tillaga lögð fram og ákvað bæjarráð að fresta tilnefningu í starfshóp um stefnumótun í málefnum eldri borgara. Athygli er vakin á því að árið 2012 var stefnumótun í uppbyggingu öldrunarþjónustu í Vogum lögð fram.

Þeir sem mynda vinnuhópin eru:

Fríða Stefánsdóttir (S)
Daði Bergþórsson (S)
Jónína Magnúsdóttir (G)
Jónína Hólm (G)

Með vinnuhópnum starfaði einnig Guðrún Björg Sigurðardóttir, félagsmálastjóri.

Vinnuhópurinn fundaði fimm sinnum á árinu og viðaði að sér ýmsum gögnum og upplýsingum um málefni sem varða hagi aldraðra. Hópurinn átti að skila tillögum sínum til bæjarráða sveitarfélaganna fyrir lok apríl 2017 en óskaði eftir fresti til maíloka og var samþykktur af bæjarráðum beggja sveitarfélaga.

Markmið vinnuhópsins

Það þykir grundvallaratriði að aldraðir haldi sjálfstæði sínu eins lengi og kostur er þannig að sem minnst röskun verði á högum þeirra þegar aldurinn færir yfir. Forsenda þess er að tekið sé mið af þörfum aldraðra á öllum sviðum samfélagsins, til dæmis varðandi heilbrigði, félagslega þjónustu, efnahag, húsnaði og aðrar aðstæður.

Markmið vinnuhópsins var:

- Að efla og auka þjónustuna til að gera eldri borgurum kleift að búa sem lengst á eigin heimili.

- Að meta hvort samþætta mætti þjónustuna við eldri borgara betur á milli sveitarfélaga.
- Að meta hvort og hvernig samþætta mætti félagslega heimaþjónustu við heimahjúkrun.
- Að meta hvernig hægt væri að bæta þjónustu við eldri borgara með sem hagkvæmustum hætti.

Samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu

Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að samþætta opinbera þjónustu við aldraða sem hefur hingað til hefur skipst á milli félagsþjónustu, sem er starfrækt af sveitarfélögum, og heilbrigðisþjónustu, meðal annars heimahjúkrun, sem er á vegum ríkisins. Þessa þjónustu stefna stjórnvöld á að samþætta undir sameiginlegri stjórn sveitarfélaganna. Í daglegri orðræðu er oft talað um samþættingu, en hvað þýðir það? Orðið samþætting er þýðing á orðinu *integration*, sem dregið er af latneska orðinu *integrare* sem merkir að gera heilt eða fullkomna, fella e-h saman í eina heild. Ef skoðuð er umfjöllun um samþættingu kemur fram að skilgreiningar eru mismunandi en henni er m.a. ætlað að auka samfellu og samvirkni á milli mismunandi kerfa. Samtímis á hún að auka hagkvæmni og skilvirkni og bæta gæði þjónustunnar og lífsgæði hins aldraðra og þar með ánægju hans. Rannsóknir hafa sýnt að það sem einkennir árangursrík samþættingarverkefni eru meðal annars eftirfarandi þættir;

Einkenni árangursríkra samþættingarverkefna

Þjónustustjórnun og þjónustustjóri: eru þeir aðilar sem sjá um að stjórna og samþætta þá þjónustu sem hinn aldraði fær og hafa þeir samráð sín á milli.

Ein þjónustugátt: hinn aldraði sækir um alla þá aðstoð sem hann þarf og fær allar upplýsingar um, hvaða þjónusta sé í boði á einum og sama staðnum.

Matstæki: þegar meta á þörf einstaklinga fyrir þjónustu er nauðsynlegt að hafa til þess áreiðanlegt og réttmætt matstæki.

Þjónustuáætlun: þegar hinn aldraði hefur fengið þjónustustjóra og búið er að meta þörf hans fyrir þjónustu er gerð þjónustuáætlun.

Sameiginleg upplýsingarforrit – skráning: til að tryggja samfellu í þjónustu og umönnun er nauðsynlegt að koma á einhvers konar upplýsingaforriti á tölvutæku formi þar sem allir umönnunaraðilar geta séð nýjustu upplýsingar um hinn aldraða og sett inn sínar athugasemdir, breytingar á meðferð og áætlun. Þetta sparar tíma og kemur í veg fyrir tvíverknað.

Teymisvinna: er grunnurinn að allri samþættingu og í teymi ættu allir þeir starfsmenn að vera, sem koma að þjónustu við hinn aldraða.

Sameiginlegt húsnæði: Ef öll þjónustan er staðsett í sameiginlegu húsnæði eru meiri líkur á að teymið, sem vinnur saman, þekkist og samskipti á milli fólks verði auðveldari.

Í Reykjavík og nokkrum öðrum sveitarfélögum á Íslandi hafa félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun verið samþætt í heimaþjónustu og gefið góða raun. Þar er veitt hefðbundin heimahjúkrun og geðhjúkrun auk félagslegrar heimaþjónustu frá sömu þjónustueiningu, sem gerir starfsmönnum kleift að vinna meira saman að því að styðja hinn aldraða. Þess ber að geta að kostnaður við heimahjúkrun og félagslega heimahjúkrun er brot af því sem kostar að reka hjúkrunarrými. Kostnaður við hjúkrunarrými er ca. 10 milljónir á ári, er kostnaður við heimahjúkrun rétt yfir hálfri milljón á ári og kostnaður við félagslega heimaþjónustu er um 480 þúsund á ári. Samtals kostnaður um 1 milljón í stað 10.


Aldraðir eru misleitur hópur með fjölþættar þjónustuparfir tengdar langvinnnum sjúkdómum og heilsufarsvanda. Vert er að hafa í huga að þörfunum verður að sinna af fjölmörgum faghópum sem þurfa að samhæfa þjónustu sína svo ekki verði um tvíverknað að ræða eða göt myndist í þjónustunni.

Íbúafjöldi í sveitarfélögunum


Þekkt er sú staðreynd að íslenska þjóðin sem og aðrar þjóðir eru að eldast. Samkvæmt mannfjöldaspám mun öldruðum fjölga hlutfallslega meira en öðrum þjóðfélagshópum næstu áratugina. Þessi þróun hefur verið hægari hér á landi en í flestum öðrum OECD ríkjum á síðustu áratugum, en fyrirsjáanlegt er að verulega herðir á. Ástæðan er fyrst og fremst lægri fæðingartíðni, heilbrigðari lífsstíll, betri aðbúnaður fólks og framfarir á sviði heilbrigðisvísinda. Þá er sérstaklega gert ráð fyrir fjölgun í elsta aldurshópnum. Gera má ráð fyrir að innflytjendum á ellilífeyrisaldri muni einnig fjölga mjög hér á landi á næstu árum. Í skýrslu stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015 sem stjórnvöld létu gera, var sérstaklega hvatt til þess að huga að öldruðum af erlendum uppruna og staða þeirra tryggð til jafns við aðra landsmenn. Frá árinu 1985 hafa karlar bætt við sig rúmlega sex árum og konur rúmlega fjórum árum í meðalævilengd. Á Íslandi árið 2016 var meðalævilengd karla 80,7 ár og meðalævilengd kvenna 83,7.

Hér fyrir neðan er hægt að skoða myndræna framsetningu íbúafjöldapróunar frá árinu 1998 til 2016. Upplýsingarnar eru byggðar á íbúafjöldapróun Hagstofu Íslands. Fyrsta ársfjórðung ársins 2017 var heildarfjöldi íbúa í Sandgerði 1.730, þar af 172 íbúar 67 ára og eldri og 310 erlendir ríkisborgarar. Á sama tíma var íbúafjöldi í Sveitarfélaginu Garði 1.530, þar af 127 íbúar 67 ára og eldri og 210 erlendir ríkisborgarar.


Íbúafjöldi frá árinu 1998 til 2016




Íbúafjöldi 67 ára til 109



Fjöldi kvenna og karla 67 ára og eldri í Sandgerði



Fjöldi kvenna og karla 67 ára og eldri í Garði



Orðskýringar

Í köflunum hér á eftir eru notuð sértæk orð sem snúa að aðstoð við aldraða og fatlaða. Orðin eru flest lýsandi fyrir þá þjónustu sem þau standa fyrir, en merking þeirra vill vefjast fyrir fólki. Þess vegna taldi vinnuhópurinn rétt að útskýra þau.

Heimþjónusta er samheiti fyrir heimahjúkrun og félagslega heimþjónustu.

Heimahjúkrun er veitt af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Til heimahjúkrunar teljast heimsóknir á heimili fólks þar sem veitt er aðstoð t.d. vegna meðferðar sára, lyfjatöku og böðunar og eftirlits með heilsufari. Heimahjúkrun er sinnt af hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða.

Félagsleg heimþjónusta er í daglegu tali nefnd heimilishjálp og er veitt af sveitarfélaginu. Í henni felast almenn heimilisþrif og aðstoð við heimilishald, aðstoð við persónulega umhirðu og félagslegur stuðningur. Innlit er veitt af sveitarfélaginu. Innlit felst í stuttri heimsókn sem getur verið til að minna á lyfjatöku eða til að stytta fólki stundir og sjá til þess að allt sé í lagi. Oftast er innliti sinnt af starfsmönnum heimilishjálpar.

Félagsleg liðveisla er þjónusta við fatlaða upp að 67 ára aldri. Þjónustan er veitt af sveitarfélaginu og tilgangur hennar er að aðstoða fatlaða til að njóta menningar og félagslífs og koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Frekari liðveisla er þjónusta við fatlaða allt að 67 ára aldri. Þjónustan felur í sér margþætta aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda er hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Frekari liðveisla er veitt af sveitarfélaginu.

Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999

Í annarri grein laganna er miðað við að skilgreina þann aldraða sem hefur náð 67 ára aldri. Þá er áherslan á rétt aldraðra til að taka ákvarðanir er varða eigin málefni og að þeir njóti jafnréttis við aðra þjóðfélagsþegna. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og veita skal þjónustu virka daga, kvöld, nætur og um helgar. Aldraðir eiga rétt á þjónustu sem stuðlar að því að þeir geti búið eins lengi á eigin heimili og mögulegt er. Jafnframt þegar aldraðir þurfi á þjónustu stofnana að halda, þá skuli hún vera til staðar.

Ábyrgð og rekstur öldrunarþjónustu skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga. Hún skiptist einnig í opna öldrunarþjónustu og stofnanarþjónustu. Skipting ábyrgðar á opinni öldrunarþjónustu milli ríkis og sveitarfélaga er með þeim hætti að ríkið sinnir heimahjúkrun og sveitarfélögin félagslegri heimaþjónustu, félagsstarfi aldraðra og þjónustuíbúðum aldraðra. Dagvist aldraðra eru reknar ýmist af ríki eða sveitarfélögum en á daggjöldum frá ríkinu og þá oftast með viðbótarframlagi frá sveitarfélögum.

Í lögum um málefni aldraðra kemur eftirfarandi fram um opna öldrunarþjónustu.

13. gr. Til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst:

1. Heimaþjónusta veitt öldruðum sem búa heima. Þjónustan skal miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustubörf og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar. Þjónustan er tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu ...,1) sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þörf reynist á. Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða að leiðarljósi
2. Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt effirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.
3. Dagdvöl aldraðra sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa effirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagdvöl aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir dagdvöl aldraðra fer [skv. 16. gr.]

- Þjónustuíbúðir aldraða sem geta verið sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir. Áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst ber að afla framkvæmdaleyfis hjá [ráðherra], 1) sbr. 16. gr. Í þjónustuíbúð fyrir aldraða skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi. Um greiðslu fyrir veitta þjónustu fer skv. 20. gr. Íbúar þjónustuíbúða skulu eiga rétt á sömu heima- og vaktþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.

Þjónustuhópur aldraða

Samkvæmt lögum skal starfa þjónustuhópur aldraða í hverju heilsugæsluumdæmi. Hlutverk hópsins er að:

- Fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraða og samhæfa þjónustu
- Semja tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu
- Leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru

Þjónustuhóp aldraða á Suðurnesjum skipa:

Margrét Blöndal hjúkrunarfræðingur hjá HSS.

Ása Eyjólfsdóttir forstöðumaður hjá Reykjanesbæ.

Jórunn Guðmundsdóttir Félagi eldri borgara á Suðurnesjum.

Guðrún Björg Sigurðardóttir, félagsmálastjóri Sandgerðisbæjar Garðs og Voga.

Fjölur F. Guðmundsson, framkvæmdastjóri lækninga HSS.

Markmið með öldrunarþjónustu sveitarfélaga

Eitt aðalmarkmiðið með opinni þjónustu við aldraða er að aldraðir búi við eðlilegt heimilislíf svo lengi sem unnt er þrátt fyrir heilsutap og minnkandi þrek. Þjónusta við fólk á einkaheimilum er talin mun ódýrari kostur en stofnanavistun a.m.k. meðan ekki er um að ræða þörf fyrir umönnun sem kallar á hátæknibúnað og umtalsverða aðkomu sérhæfðs starfsfólks. Með því að auka framboð á heimaþjónustu ásamt því að mæta þörf fyrir þjónustu um kvöld og helgar er hægt að fresta þörf einstaklings fyrir stofnanavistun. Fyrir utan fjárhagslegt hagræði af því að veita öldruðum þjónustu sem styður við búsetu á einkaheimilum þá er réttur eldri borgara til að búa svo lengi sem kostur er í heimahúsum tryggður í lögum.

Í 2. mgr. 1. gr. laga um málefni aldraða stendur:

Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf.

Í c lið 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga stendur:

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Skal það gert með því að

veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi.

Stofnanir aldraðra

Til stofnana teljast

-Dvalarheimili, sambýli og íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Á stofnunum þessum skal vera vakt allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og félags- og tómstundastarfi. Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknaþjónustu og endurhæfingu. Þjónustan skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þjónustupörf hins aldraða og á hjálp til sjálfshjálpar.

-Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum, ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum. Þar skal veitt hjúkrunar- og læknaþjónusta eða endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með einkenni heilabilunar. Þjónustan skal byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða. Möguleiki skal vera á að einstaklingur geti komið þar til skammtímavistunar, sé þess þörf. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi. Framkvæmdar og rekstrarleyfi skal sækja um hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sbr. 1. M.a. 125/1999, gr. 16 og 17.

Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja 2017

Öldrunarheimili og stofnanir	Sveitarfélög	Almenn hjúkrunarrými	Önnur rýmir	Dvalarrými	Dagdvalarrými	Samtala
Dagvist Grindavíkur Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Víðihlíð, Grindavík	Grindavíkurbær	0		0	5	5
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Keflavík Nesvellir, Reykjanesbæ	Reykjanesbær	0	5	0	0	5
Hlévangur, hjúkrunarheimili	Reykjanesbær	60		0	0	60
Dagvist aldraðra Reykjanesbæ	Reykjanesbær	30		0	0	30
Reykjanesbæ	Reykjanesbær	0		0	26	26
Heildarfjöldi rýma:		110		0	31	146

Heilsugæsla og heimahjúkrun

Heilsugæslan HSS í Reykjanesbæ er ætluð öllum íbúum á Suðurnesjum. Þangað geta íbúar sótt grunnheilbrigðisþjónustu alla virka daga frá kl. 08:00 til 16:00. Jafnframt er læknir á vakt frá kl. 16:00 til 08:00. Íbúar á Suðurnesjum hafa ekki sérstakan heimilislækni og þurfa

Því oft að ráðfæra sig við marga lækna um heilsuvanda sinn. Hægt er að bóka símatíma hjá læknum og símaráðgjöf hjá hjúkrunarfræðingum á opnunartíma. Fram til ársins 2008 var heilsugæslumóttaka í Sandgerði en hún var lögð niður sökum niðurskurðar í ríkisútgjöldum sama ár. Í Garði er ekki heilsugæsla eða viðvera heilbrigðisstarfsmanns.

Heimahjúkrun er á hendi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og er markmiðið að veita hjúkrunar- og læknaþjónustu til þeirra sem búa heima og þarfnast heilbrigðisþjónustu. Þjónustusvæðið er Reykjanesbær, Sandgerði, Garður og Vogar. Hjúkrunarheimilið í Grindavík sinnir heimaþjónustu í Grindavík. Við heimahjúkrun starfa hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar og er unnið í samstarfi við aðrar deildir innan stofnunarinnar og einnig í samráði við lækna. Helstu stoðdeildir eru: almenn sjúkradeild HSS, rannsóknarstofa HSS, röntgendeild HSS, dagdvölin, apótekin og félagsþjónustan. Beiðni um heimahjúkrun getur komið frá einstaklingnum sjálfum, aðstandendum, sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum. Hjúkrunarfræðingur fer í fyrstu vitjun, metur hjúkrunarþörf og skipuleggur þjónustuna í samvinnu við einstakling, aðstandendur og lækni ef þörf er á. Starfsfólk heimahjúkrunar vinnur á vöktum frá kl.8-16 og á kvöldin frá kl.17:00 til 21:00 alla daga vikunnar.

Á félagsþjónustusvæði SGV sinnir heimahjúkrun 29 til 30 einstaklingum á mánuði.

- Sandgerði 10
- Garður 11
- Vogar 8-9

Vert er að taka fram að starfandi er heilsugæsla í Grindavík og er opnunartími frá kl. 08:00 til 16:00 alla virka daga. Þar starfa nokkrir sérfræðingar í heimilislækningum, barnalæknir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir. Einnig er móttaka heilsugæslulækis í Vogum alla þriðjudagsmorgna frá kl. 8:30 til 12:00.

Færni- og heilsumat

Hlutverk heimaþjónustu hefur breyst mikið á undanförunum árum. Sömuleiðis hafa reglur stjórnvalda í vistunarmálum breyst og eru viðmið fyrir samþykki á færni- og heilsumati í dvalar- og hjúkrunarrými orðin strangari. Færni- og heilsumat er faglegt, einstaklingsbundið mat á þörfum einstaklinga fyrir varanlegri búsetu á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Um er að ræða staðlað mat ásamt skilgreindum upplýsingum frá heilbrigðis- og félagsþjónustu og læknaþjónu frá læknum viðkomandi eftir því sem við á. Metnar eru félagslegar aðstæður, heilsufar og andlegt ástand auk þess sem metin er færni í athöfnum daglegs lífs. Niðurstöður færni- og heilsumats gefa til kynna hversu mikil þörf er fyrir langtíma búsetu á hjúkrunar- eða dvalarheimilum. Matinu er ætlað að endurspeglar raunverulega þörf fólks sem þarf á varanlegri búsetu á hjúkrunar- eða dvalarheimili að halda, óháð aldri. Þegar fólk getur ekki lengur búið heima þrátt fyrir stuðning heilbrigðis- og félagsþjónustu er tímabært að sækja um mat.

Velferðarráðherra skipar eina færni- og heilsumatsnefnd í hverju heilbrigðisumdæmi fyrir sig, sem metur þörf fólks fyrir dvalar- og hjúkrunarrými eða tímabundna hvíldarinnlögn. Embætti landlæknis hefur yfirumsjón með framkvæmd færni- og heilsumats. Gildistími mats sem samþykkt hefur verið er tólf mánuði frá staðfestingu þess. Hafi einstaklingur ekki boðist að flytja á hjúkrunar- eða dvalarheimili innan þessa tíma þarf að endurnýja matið. Þegar lífeyrisþegi flyst á hjúkrunar- eða dvalarheimili falla niður lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og við það myndast réttur til vasapeninga sem eru tekjutengdir.

Félagsstarf í Sandgerði og Garði

Í Sandgerði og Garði er öldruðum íbúum boðið upp á ýmsa þjónustu sem fellur undir opna öldrunarþjónustu. Félagstarf eldri borgara er fjölbreytt og hefur meðal annars það markmið að tryggja andlega-, félagslega-, og líkamlega vellíðan fólks á þriðja aldurskeiðinu.

Í Sandgerði er félagsmiðstöð eldri borgara rekin í Miðhúsum. Starfsemin er einnig opin fyrir öryrkja. Þar er boðið upp á félagstarf sem felst fyrst og fremst í því að bjóða upp á aðstöðu til félagsskapar, hreyfingar og handavinnu. Í Miðhúsum er einnig mötuneyti sem er opið í hádeginu alla virka daga. Maturinn kemur frá Skólamat. Þjónustunni í Miðhúsum er stýrt af tveimur starfmönnum sem eru í 1,80 % stöðugildi. Málaflokkurinn heyrir undir félagsþjónustuna. Forstöðumaður vinnur í nánú samstarfi við forvarna- og frístundafulltrúa sem hefur að mestu haldið utan um að skipuleggja hreyfingu. Einnig koma gestakennarar með tímabundna þjónustu í formi námskeiða. Skipulögð dagskrá er gefin út tvisvar sinnum á ári. Aðsókn er að meðaltali um 20 einstaklingar á dag.

Sveitarfélagið Garður rekur félagsmiðstöð eldri borgara í Auðarstofu. Félagstarfið er ætlað 60 ára og eldri ásamt öryrkjum. Í boði er ýmis konar handavinna, leikfimi, skemmtanir og ferðalög. Tveir starfsmenn stýra félagstarfinu í samtals 1,75% stöðugildum. Opið er þrjú daga í viku frá kl. 13:00-16:00. Málaflokkurinn heyrir undir frístunda- forvarnar- og lýðheilsufulltrúa sveitarfélagsins. Það er ekki mötuneyti í Auðarstofu en hægt er að óska eftir heimsendum mat fyrir þá sem hafa áhuga. Garður er í samstarfi við Sandgerði um hádegismat fyrir eldri borgara og geta íbúar Garðs komið í hádegismat í Miðhús alla virka daga.

Í Sandgerði fá allir íbúar frítt í sund en 50% afsláttur er af kortum í þreksal fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja. Í Sv. Garði fá allir 67 ára og eldri frítt í sund og tækjasal.

Mikilvægt er að hafa í huga að skilja ekki þriðja aldurskeiðið frá öðrum aldurskeiðum íbúa þegar kemur að framkvæmd félags-, forvarnar-, og íþróttastarfs í sveitarfélögum.

Heimþjónusta í Sandgerði og Garði

Félagsleg heimþjónusta er veitt að undangengnu mati á þörf hins aldraða fyrir þjónustuna, og þarf að sækja um hana sérstaklega. Hægt er að fá þjónustu og aðstoð við heimilishald, aðstoð við persónulega umhirðu og matarinnkaup. Einnig er í boði þjónusta í formi félagslegs innlits og matarbakki í hádeginu á virkum dögum. Sveitarfélög setja sér reglur um framkvæmd þjónustunnar.

Á félagsþjónustuvæði sveitarfélaganna þriggja starfa þrír starfsmenn við félagslega heimþjónustu, einn í hverju sveitarfélagi. Í Sandgerði og Garði eru starfsmenn í fullum stöðugildum en Vogum er starfmaður í 50% stöðugildi. Ekki hefur verið gerð krafa um ákveðna menntun vegna starfs í félagslegri heimþjónustu. Sveitarfélögin hafa heldur ekki staðið fyrir námskeiðum fyrir starfsmenn þar sem lögð er áhersla á að fræða og þjálfar starfsmann í fjölbreyttum þáttum er tengjast starfinu. Hins vegar hafa starfsmenn verið hvattir til að sækja sér menntunar og þeim veittur sveigjanleiki á vinnutíma til að sækja nám. Í dag eru tveir starfsmenn félagslegrar heimþjónustu í námi hjá Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum.

Undanfarin ár hefur þjónustan náð að anna áætlaðri þörf en eins og fram kemur hér að ofan veita sveitarfélögin aðeins ákveðna lágmarksþjónustu við íbúa þ.e.a.s. dagþjónustu og þá helst í formi heimilisþrifa. Algengt er að þjónustustundir við íbúa séu á bilinu 4 til 10 á mánuði. Á fjárhagsáætlun 2017 samþykktu bæjarfélögin sem standa að sameiginlegri félagsþjónustu að auka stöðugildi í félagslegri heimþjónustu um 50%, þá var lagt til að sá starfmaður sem ráðinn yrði í starfið myndi aðallega sinna stoðþjónustu við íbúa. Gengið var frá ráðningu starfsmanns í stoðþjónustu í apríl.

Aldraðir og öryrkjar í Sandgerði greiða kr. 690 á tímann fyrir félagslega heimþjónustu og í Sv. Garði kr. 615. Ekkert gjald er innheimt ef ellilífeyrir eða örorkubætur eru einu tekjur viðkomandi. Að jafnaði fá um 13 einstaklingar/heimili í Sandgerði heimsendan mat á mánuði og 7 í Sv. Garði. Hádegismatur kostar kr. 869 í Sandgerði og kr. 868 í Sv. Garði.

Fjöldi heimila með félaglega heimþjónustu

Bæjarfélög	Fjöldi heimila
Sandgerði	21
Garður	30

Þegar litið er til 13. gr. laga um málefni aldraðra er ljóst að ríkari kröfur eru gerðar til þjónustu sveitarfélaga fyrir aldraða heldur en uppfylltar eru miðað við það fyrirkomulag sem nú er í Sandgerði og Garði. Þjónusta sveitarfélaganna er eingöngu fánleg á dagvinnutíma á virkum dögum. Þegar farið er yfir stöðu öldrunarþjónustu sveitarfélaga almennt á landinu sést að staðan er svipuð í öðrum sveitarfélögum og víðast hvar rýrari en lög kveða á um. Undanfarin ár hefur orðið þróun í átt að því fyrirkomulagi sem kemur fram í lögnum og eru sveitarfélög smám saman að auka þjónustu við aldraða og

sambætta hana við aðra hópa. Yfirfærsla, frá ríki til sveitarfélaga, á verkefnum tengdum málefnum fatlaðs fólks hefur stutt við þessa þróun. Eins má sjá fyrir sér að yfirfærsla á verkefnum öldrunarþjónustusviðs muni hafa sömu áhrif.

Dæmi um kostnað við heimaþjónustu

Launaflokkur	126-4	
	100%	50%
Mánaðarlaun dagvinna	324.084	162.042
m. launatengdum gjöldum	393.398	196.699

Vinnustund, dagvinna	1.993
m. launatengdum gjöldum	2.419

Vinnustund, eftirvinna	3.366
m. launatengdum gjöldum	4.500

Í ofangreindum töflum hefur ekki verið gert ráð fyrir álagi sem bætist við kvöld- og helgarvinnu. Heldur hefur ekki verið gert ráð fyrir kostnaði vegna orlofsgreiðslna samkvæmt kjarasamningi.

Reglur félagsþjónustunnar um félagslega heimaþjónustu eru frá árinu 2001. Reglurnar voru endurskoðaðar árið 2007 með tilliti til sameinginlegrar félagsmálanefndar Sandgerðis, Garðs og Voga.

Íbúðir fyrir 60 ára og eldri í Sandgerði og Garði

Íbúðir eldri borgara í Miðhúsum er í eigu Sandgerðisbæjar og er þeim ætlað að vera húsnæðiskostur fyrir íbúa í Sandgerði sem eru orðnir 60 ára og eldri. Um er að ræða sjö íbúðir í fjölbýlishúsi, með aðgengi að skipulögðu félagsstarfi og mótuneyti. Skilyrði fyrir að umsókn sé tekin til greina er að umsækjandi sé 60 ára eða eldri og hafi átt lögheimili í sveitarfélaginu samfleytt síðastliðna 12 mánuði. Þó er hægt að sækja um undanþágu frá búsetuviðmiðum hafi umsækjandi búið stóran hluta ævi sinnar í Sandgerði eða óski eftir því að flytja í Sandgerðis til að njóta nálægðar við afkomendur sína.

Garður á 10 íbúðir að Melteig sem ætlaðar eru 60 ára og eldri. Um er að ræða tveggja- og þriggja herbergja íbúða raðhús með góðu aðgengi fyrir fatlaða. Hægt er að leigja íbúðirnar eða kaupa búseturétt.

Akstursþjónusta

Sveitarfélögin sinna sérstakri akstursþjónustu í tengslum við Selið sem er dagvistun fyrir heilabílaða og er staðsett í Reykjanesbæ. Þjónustan er veitt út frá lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þá er um að ræða samnýtingu á akstursþjónustu fatlaðra. Önnur sérstök akstursþjónusta er ekki í boði sveitarfélaganna.

Í mörgum sveitarfélögum er boðið upp á ferðaþjónustu aldraðra, sem hentar þeim sem ekki geta nýtt sér almenningavanga til að komast ferða sinna. Þá er tekið gjald fyrir þjónustuna sem svipar til gjalds vegna almenningssamgangna. Ætla má að mikilvæg forsenda fyrir sjálfstæðri búsetu, sé aðgengi að almenningasamgöngum eða að einkabíll sé til ráðstöfunar. Því er vert að skoða hvort grundvöllur sé fyrir því að taka upp fyrir eldri borgara og þá sérstaklega þá sem búa einir, eru án bíls, eldri en 75 ára, hafa áhyggjur af heilsufari sínu og vilja sækja félagsstarf.

Sjálfboðaliðastörf

Á vegum Rauða Krossins á Suðurnesjum er starfsrækt heimsóknarþjónusta þar sem einkaheimili, dvalarheimili og stofnanir eru heimsóttar. Heimsóknavinir sækja námskeið og fræðslu áður en þeir hefja heimsóknir. Samkvæmt upplýsingum frá deildinni eru engin heimili á félagsþjónustusvæði SGV sem njóta slíkrar þjónustu í dag.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Velferðarráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýslu og húsnæðismál.) Frumvarpið er væntanlegt til umræðu á Alþingi á næstu vikum.

Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að notendur félagsþjónustunnar skulu hafðir í samráði með það að markmiði að þeir séu virkir þátttakendur í undirbúningi ákvörðunar um þjónustu og hvernig henni sé háttað. Þá er lagt til að VII. kafli laganna sem fjallar um félagslega heimaþjónustu beri fyrirsögnina „ Stuðningsþjónusta“. Í þeim kafla verði fjallað um þjónustu við þá sem þurfa aðstoð til að geta lifað sjálfstæðu lífi og búið á eigin heimili. Breytingar á orðalagi má helst rekja til þess að þjónustan er ekki bundin við heimili eða heimilishald heldur hvers konar aðstoð sem einstaklingur þarf til að lifa sjálfstæðu lífi. Gera má ráð fyrir að ráðherra muni í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gefa út leiðbeinandi reglur um framkvæmd stuðningsþjónustu, tímafjölda og mat á þörf fyrir þjónustuna. Frumvarpið kveður einnig á um notendasamninga en lagt er til að þeir séu í formi beingreiðslusamnings, þar sem notandi sér alfarið um starfsmannahaldið sjálfur, eða þannig að notandi stýrir sjálfur þjónustu við sig, þó að þeir sem aðstoði hann séu starfsmenn sveitarfélags. Lagt er til að í sveitarfélögum starfi formlegur samráðsvettvangur sem nefnist

öldungaráð og þar verði fjallað um þjónustu við aldraða, framkvæmd og þróun öldrunarmála.

Þær breytingar sem lagðar eru til í ákvæðum um félagslega heimaþjónustu munu að öllum líkindum verða mjög jákvæðar fyrir notendur enda er með þeim stefnt að því að þeir fái í auknu mæli þjónustu í samræmi við þær þarfir sem þeir hafa og að hún sé veitt á forsendum þeirra.

Frumvarp: <http://www.althingi.is/alttext/pdf/146/s/0572.pdf>

Í ljósi hugsanlegra lagabreytinga er mjög brýnt að sveitarfélögin yfirfari reglur sínar um félagslega heimaþjónustu sem fyrst.

Mat á stuðningsþörfum

Þegar sótt er um þjónustu hjá sveitarfélögunum fer fram mat á þörf í hverju einstöku tilviki. Læknisvottorð þarf að fylgja umsókn þegar um heilsufarsástæður er að ræða. Félagsráðgjafi aflar upplýsinga frá umsækjanda, aðstandendum og effir þörfum hjá öðrum stofnunum og þannig er lagt mat á magn þjónustunnar. Komi til samþættingar félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar um heimaþjónustu er nauðsynlegt að starfsmenn hafi áreiðanlegt og réttmætt matstæki til að leggja mat á stuðningsþörf umsækjanda.

RAI-HC hefur verið þýtt á íslensku sem raunverulegur aðbúnaður íbúa og eru mörg matstæki í RAI fjölskyldunni. RAI er alþjóðlegt mælitæki til að meta reglulega heilsufar og félagslega stöðu fólks í þörf fyrir félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun. Matið nýtist við útfærslu og skipulag þjónustunnar og með gæðavísunum fást vísbendingar um árangur hennar. Mælitækið var þróað í Bandaríkjunum og Kanada en mörg sveitarfélög á Íslandi nýta mælitækið til að ákvarða um magn þjónustunnar og fyrirkomulag. Mælitækið mun líklega koma í veg fyrir grá svæði sem oft vilja myndast þegar kemur að þjónustu sem ríki og sveitarfélög skipta á milli sín. Tækið tekur á öllum þeim þáttum sem snúa að þörfum einstaklinga og þannig verður auðveldara að setja upp árangurríka og samfellda þjónustuáætlun. Ýmsar útgáfur eru til af RAI-mati og má þar nefna RAI-mat fyrir hjúkrunarheimili (*RAI Nursing Home*), RAI-mat fyrir heimaþjónustu (*RAI Home Care*) og RAI-mat fyrir geðheilbrigðisþjónustu (*RAI Mental Health*).

Gagnagrunnurinn hefur verið hýstur hjá Stika ehf. Ábyrgð á gagnagrunninum var á hendi velferðarráðuneytisins en frá og með 1. mars 2012 var *Embætti landlæknis* falin ábyrgð á öllum þáttum sem lúta að þróun og uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár og rafrænna samskipta sem innihalda heilbrigðisupplýsingar. Enginn opinber stuðningur er við kerfið í dag en mikil áhersla er lögð á matið. Tímabundinn starfsmaður var ráðinn hjá *Embætti landlæknis* en hann mun ljúka störfum í júní ef ekki verður lagt fram fjármagn í ríkisfjárlögum.

Kostnaður við notkun gagnagrunnsins er enginn. Óska þarf eftir því við *Embætti landlæknis* að gerður verði notendasamningur við þátttöku sveitarfélög.

Rafræn skráning í heimabjónustu

Í febrúar 2017 fékk bæjarstjórinn í Sandgerði ásamt félagsmálastjóra félagsþjónustu SGV kynningu á Careon heimabjónustu appi sem felur í sér rafræna skráningu í heimabjónustu. Frá þeim tíma hafa bæjarstjórar sveitarfélaganna þriggja einnig fengið kynningu og helstu yfirmenn á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Um er að ræða nýjung í velferðartækni þar sem unnið er með vefviðmót tengt heimabjónustu og það notað til að stjórna, skrá og breyta samningum. Helstu kostir kerfisins eru margvíslegir en helst ber að nefna eftirfarandi þætt.

- Bætt skipulag og nýting vinnutíma starfsmanna
- Staðfesting á veittri þjónustu
- Rafræn reikningagerð og upplýsingamiðlun
- Upplýsingamiðlun til ættingja
- Yfirsýn yfir alla heimabjónustu

Kostnaður við kerfið er tvíþættur. Annars vegar er um að ræða svokallað *heimilisapp* og *bakendakerfi*. Þjónustugjaldið er 1.180 kr. á mánuði fyrir hvert heimili sem sveitarfélagið greiðir. Í þjónustugjaldinu er allur kostnaður við þjónustu og uppfærslu á kerfinu. *Heimilisappið* miðlar upplýsingum í rauntíma um veitta þjónustu og stýrir samskiptum milli heimaliða og yfirmanna. *Bakendakerfið* er síðan stjórn tæki yfirmanna og hjálpar þeim við að skipuleggja þjónustuna. Hins vegar er um að ræða svokallað *fjölskyldu-* eða *samskiptaapp* sem ættingjar greiða fyrir. Kostnaður við það er 300 kr. á hvern ættingja á mánuði. Þar birtist þjónustuáætlun sveitarfélagsins og/eða heimahjúkrunar og þá fær þjónustupegin sjálfur yfirsýn yfir sína eigin þjónustuáætlun og getur eftir atvikum samþykkt aðgang annarra.

Innleiðing rafrænnar skráningar í heimabjónustu hefur margvísleg jákvæð áhrif. Með kerfinu verður skipulagning heimabjónustunnar skilvirkari, bæði fyrir stjórnendur og starfsmenn heimabjónustunnar. Appið er í boði fyrir þá sem njóta heimabjónustu og aðstandendur þeirra og auðveldar öllum að fylgjast með og tryggja öryggi og gæði þjónustunnar. Erfitt er að meta fjárhagslegt hagræði við innleiðingu kerfisins, sem virkar í raun sem stimpilkukka. Hægt er sjá hvenær starfsmenn mæta til vinnu og heldur hreyfingu þeirra yfir daginn, inn og út af heimilum þjónustupega. Kerfið mun draga úr pappírnotkun (umhverfisvænn kostur), gera samskipti við starfsmenn einfaldari og öruggari og gera alla stjórnsýslu varðandi heimabjónustu gegnsærri.

Öryggiskallkerfi

Samkvæmt reglugerð um styrk vegna hjálpartækja nr. 1155/2013 kemur fram að Sjúkratryggingar Íslands hafa gert samninga um öryggiskallkerfisþjónustu. Greiðsla stofnunarinnar er háð því að þjónusta sé fengin hjá samningsbundnum fyrirtækjum. Eftirfarandi gildir um greiðslupátttöku Sjúkratrygginga Íslands um styrk til kaupa á þjónustu vaktstöðvar:

1. Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að taka þátt í kaupum á þjónustu viðurkenndrar vaktstöðvar fyrir einstakling sem er svo sjúkur að honum er nauðsyn á slíkri þjónustu og býr einn eða samvistaraðili er af heilsufarsástæðum ófær um að veita aðstoð, vinnur utan heimilis fullan vinnudag eða er orðinn 67 ára. Frá skilyrðinu um að umsækjandi búi einn má víkja ef umsækjandi býr við svo mikla fötlun að hann getur ekki hringt í síma/farsíma. Svo og þegar einstaklingur sem býr með öðrum sem er alvarlega veikur og er lífsnauðsynlega háður öndunarvél eða er með alvarlegan hjarta- og æðasjúkdóm og fellur undir Nr. 1155 6. desember 2013 áhættuhóp um sérstök viðbrögð við neyðarboði, sbr. 2. lið hér að neðan. Greiðslupátttaka er til allt að þriggja ára í senn. Greiðslupátttaka getur verið vegna miðtaugakerfissjúkdóma/ skaða, sem hafa í för með sér lömum eða flog, eða alvarlegra hjarta- og lungnasjúkdóma.

2. Notendur eru flokkaðir í tvo áhættuhópa eftir sjúkdómseinkennum. Í öðrum þeirra eru notendur með sjúkdómsástand sem kallar á sérstök viðbrögð við neyðarboði en í hinum eru notendur með sjúkdómsástand sem að jafnaði kallar á almenn viðbrögð við neyðarboði.

3. Greiðslupátttaka Sjúkratrygginga Íslands tekur aðeins til einkaheimila en ekki til íbúða á vegum sveitarfélaga eða stofnana eða neins forms sambýlis eða stofnana þar sem Sjúkratryggingar Íslands eða aðrir opinberir aðilar greiða kostnað af rekstrinum eða annast þjónustu/gæslu að einhverju eða verulegu leyfi s.s. ef íbúð er samtengd eða í næsta nágrenni við slíka þjónustu/gæslu sem stendur til boða.

4. Greiðslupátttaka Sjúkratrygginga Íslands skal nema 8.100 kr. vegna frumuppsetningar á viðvörunarkerfi sem vaktstöð á og þjónustar og stofnunin hefur samþykkt. Sjúkratryggingar Íslands greiða vaktstöð 5.500 kr. fyrir mánaðarlega þjónustu vegna notkunar við vörunarkerfisins og viðbragða við boðum. Vaktstöð krefur notanda um það sem mögulega vantar á heildarfjárhæð mánaðarlegs þjónustugjalds.

5. Áður en til greiðslu Sjúkratrygginga Íslands kemur skal liggja fyrir samþykkt umsókn, byggð á nákvæmu vottorði læknis um sjúkdómsástand og þörf fyrir þjónustuna.

6. Eftirtaldar lágmarkskröfur eru gerðar varðandi búnað og þjónustu vaktstöðvar:

a) Allur búnaður skal vera viðurkenndur af þar til bærum aðilum. Boðyfirfærslukerfið skal vera tengt með símalínu við vaktstöð sem starfar allan sólarhringinn og skal það bjóða upp á flutning neyðarboðs ásamt talsambandi við vaktstöð. Annaðhvort skal ástand símalínu og búnaðar prófað með sjálfvirku prófunarboði til vaktstöðvar einu sinni á sólarhring ásamt því að tæki hjá notanda vakti innkomandi línu eða sambandið milli sendibúnaðar notanda og vaktstöðvar skal vera sívaktað. Til viðbótar þessu skal kerfið prófað einu sinni í mánuði með prófunarboðum notanda og auk þess skulu notendur heimsóttir a.m.k. tvisvar á ári til að ganga úr skugga um að þeir kunni að nota búnaðinn. b) Viðbrögð við neyðarboði sem leiðir til útkalls skulu vera í því fólgin að starfsmaður vaktstöðvar sem hefur lykla að viðkomandi húsnæði, eða annar þar til bær aðili, fari tafarlaust á staðinn og grípi til viðeigandi ráðstafana.

Afsláttur af fasteignagjöldum

Fasteignagjöld

Elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Sandgerði og Garði er veittur afsláttur af fasteignaskatti. Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur sem búa í eigin íbúð og eru 67 ára eða eldri eða hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2017. Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í. Veittur er afsláttur af fasteignaskatti miðað við heildartekjur viðkomandi samkvæmt skattframtali, eftir reglum um afslætti og viðmiðunartekjur. Þeir sem eru á tekjubili milli neðangreindra fjárhæða tekna fá hlutfallslega afslátt miðað við viðmiðunartekjur:

Sandgerði

Einstaklingur í Sandgerði með tekjur allt að:	Hjón í Sandgerði með tekjuKr. r allt að:
Kr. 2.973.000. – 100% afsláttur	Kr. 4.146.000. – 100% afsláttur
Kr. 3.306.000. – 80% afsláttur	Kr. 4.559.000. -80% afslátturi
Kr. 3.844.000. – 50% afsláttur	5.365.000. – 50% afsláttur
Kr. 4.119.000. – 20% afsláttur	5.742.000. – 20% afsláttur

Sveitarfélagið Garður

Einstaklingur í Sv. Garði með tekjur allt að:	Hjón í Sv. Garði með tekjur allt að:
Kr. 3.360.000. – 100% afsláttur	Kr. 4.425.665. – 100% afsláttur

Heimildaskrá

- Alþingi. (e.d.). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (skilyrði fjárhagsaðstoðar)*. Sótt 27. maí 2017 af <http://www.althingi.is/altext/144/s/0624.html>
- Embætti landlæknis. (e.d.). *Færni og heilsumat*. Sótt 27. maí 2017 af <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/notendur-heilbrigdisthjonustu/faerni-og-heilsumat/>
- Embætti landlæknis. (e.d.). *Rai mat*. Sótt 27. maí 2017 af <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/heilbrigdisthjonusta/eftirlit-med-stofnunum-og-starfsstofum/rai-mat/>
- Embætti landlæknis. (e.d.). *Fjöldi rýma eftir landsvæðum: Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja*. Sótt 27. maí 2017 af https://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/dvalarrymi/dvalarrymi/
- Eyrún Jónatansdóttir. (2014). *Heima alla ævi? Helstu áhrifaþættir er kemur að því að eldast heima*. MA – ritgerð: Háskóli Íslands. Sótt 27. maí 2017 af http://skemman.is/stream/get/1946/19634/45183/1/MA_-_Eyrun_Jonatansdottir2_-_Heima_alla_ævi.pdf
- Gunnar Ólafsson og Heiða Björg Hilmisdóttir. (23. maí 2017). *Aukum og samþættum heimaþjónustu*. Fréttablaði,ð bls. 14.
- Grindavík. (e.d.). *Heilsugæsla*. Sótt 27. Maí 2017 af <http://www.grindavik.is/v/14>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Mannfjöldi: sveitarfélög. Sótt 12. apríl 2017 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. (e.d.). *Heimahjúkrun*. Sótt 28. maí 2017 af http://www.hss.is/index.php?option=com_content&view=article&id=83&Itemid=96
- Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. (2003). Skýrsla stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015. Sótt 12. apríl 2017 af <https://www.velferdarraduneyti.is/media/Skyrslur/stefnum-aldradir.pdf>
- Hildur Elísabet Pétursdóttir og Kristín Björnsdóttir. (2014). *Samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu: Fræðileg samantekt*, 2, 52-60.
- Lög um félagsþjónustu Sveitarfélaga nr. 40/1991.*
- Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.*
- Reglugerð um styrk vegna hjálpartækja nr. 1155/2013.*
- Sigurveig Sigurðardóttir. (2006). *Aldraðir innflytjendur: Vaxandi hópur í íslensku samfélagi*. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1, 57-64.
- Sveitarfélagið Vogar. (2012). *Stefnumótun í uppbyggingu öldrunarþjónustu í Sveitarfélaginu Vogum: fjölbreytni-samvinna-virðingar*.
- Sveitarfélagið Vogar. (4. desember 2015). *Heilsugæslan er flutt í Álfagerði*. Sótt 27. maí 2017 af <http://vogar.is/frettir/2136/default.aspx>